

## Lög

um

breytingu á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907.

Nr. 47.  
3. nóv.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað 2. málslíðar 2. gr. (»Hross má eigi flytja . . . til ágústmánaðarloka«) komi:  
Hross má eigi flytja frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní,  
og eigi á þilfari á öðrum tíma árs en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*

## Lög

um

breytingu á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á  
sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Nr. 48.  
3. nóv.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Annar málslíður 1. greinar orðist svo:

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða